LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Reykjavík 8. apríl 2017

Stjórn Landssambands smábátaeigenda samþykkti þann 7. apríl 2017 ályktun sem beint er til yðar:

Stjórn Landssambands smábátaeigenda mótmælir harðlega nýútgefinni reglugerð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa 2017. Reglugerðin tekur í engu tillit til sjónarmiða LS um aukið vægi smábáta í veiðunum.

LS krefst þess að ráðherra endurskoði nú þegar ákvörðun sína og veiti smábátum tækifæri til öflunar veiðireynslu eins og gert var hjá stærri skipum. Í engu er hægt að una við að skip sem áunnu sér veiðireynslu með frjálsum veiðum, löngu áður en makríll kom á grunnslóð, til þess eins að landa matfiski í bræðslu séu ítrekað verðlaunuð með því að úthluta þeim 96% aflaheimildanna. Ennfremur að meiri afli en ætlaður er smábátum skuli úthlutað til skipa sem veiddu ekki eitt einasta kíló á síðustu makrílvertíð heldur leigðu frá sér allar sínar heimildir.

Þá er það umhugsunarefni hvers vegna ráðherra metur smábátum ekki til tekna að við veiðar á króka sparast yfir 3 milljónir lítra af díselolíu og andrúmsloftið mundi sleppa við mengun 10.000 tonna af CO_2.

Stjórn LS skorar á ráðherra að verða við sanngjarnri kröfu um 16% hlutdeild smábáta í makríl.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri